

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 11
600 Akureyri

Reykjavík, 20. desember 2019
UST201901-187/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 25. nóvember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks sem skráð var í eftirliti þann 4. október 2019. Þann 16. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:


1. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir styrk blýs (Pb) í fráveituvatni er 0,2 mg/L. Styrkur blýs í fráveituvatni mældis 0,61 mg/L í mælingu 2018. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur mæling í frárennsli verið endurtekin og benda niðurstöður til þess að rekstraraðili sé komin undir mörk hvað varðar styrk blýs í frárennsli. Endanlegar niðurstöður mælingar verða tilbúnar um áramótin og hyggst rekstraraðili senda stofnuninni niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir. Að sögn rekstraraðila gæti frávikið skýrst af því að leikið hafi sýra af rafgeymum við móttöku bílflaka á svæðinu. Verkferlum hafi því verið breytt við móttöku á bílflökum.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra